

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 42/1991. **Þór hf., útgerðarfélag**  
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)  
gegn

**Vélsmiðjunni Odda hf.**  
(Páll A. Pálsson hrl.).

Verksamningar. Lausafjárkaup.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1991. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að gangsetning og prófun á frystiskáp þeim, sem um er deilt í máli þessu, hafi verið innifaldar af hálfu seljanda við kaup hans á skápnum eða að eitthvað hafi skort af því, sem áskilið var við kaupin, til að hún gæti farið fram. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þór hf., greiði stefnda, Vélsmiðjunni Odda hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Akureyrar 7. desember 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var 3. desember sl., hefur Vélsmiðjan Oddi hf., kt. 490269-2909, Strandgötu 49, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 12. janúar 1990, á hendur Þór hf., útgerðarfélagi, kt. 680981-0519, Strandgötu 12 A, Eskifirði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt að greiða 67.840

kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. 10. 1988 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt er þess krafist, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Enn fremur er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 10. 1989, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður skuld þá, er hann krefst greiðslu á, vera samkvæmt tveimur reikningum, nr. 15100, dags. 26. 9. 1988, að fjárhæð 55.300 kr., og nr. 18529, dags. 30. 9. 1988, að fjárhæð 12.540 kr., samtals að fjárhæð 67.840 kr., sem séu vegna vinnu, efnis og aksturs, er stefnandi hafi látið stefnda í té. Stefnda hafi ekki fengist til að greiða skuldina þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli, og sé stefnandi því knúinn til innheimtu hennar með dómi.

Stefnda kveðst í mars 1988 hafa keypt frá Sabroe, Danmörku, frystiskáp, sem þá hafi verið til sýnis á vörusýningu í Laugardalshöll í Reykjavík. Hafi afhending skápsins dregist um nokkra mánuði, en þegar hann hafi loks verið afhentur og tengdur, hafi komið í ljós, að hann var gallaður með þeim hætti, að hann náði ekki að frysta. Hafi stefnandi tilkynnt umboðsmanni Sabroe á Íslandi, Jóni Þorsteinssyni í Reykjavík, um gallana á skápnum. Það hafi tekið u. þ. b. þrjá mánuði að fá umboðið til þess að senda viðgerðarmenn að lagfæra gallana, en þegar þeir hafi komið, hafi það verið menn frá stefnanda, sem framkvæmt hafi viðgerðina. Telur stefnda engan vafa leika á ábyrgð seljanda, Sabroe, á göllum þeim, sem fram komu á frystitækinu, strax og það hafi verið afhent stefnda. Kveðst stefnda strax hafa tilkynnt Sabroe-umboðinu gallana. Umboðið hafi tekið að sér að sjá um viðgerð á hinu gallaða tæki í samræmi við ábyrgðarskyldur sínar, sem séu ótvíræðar skv. íslenskum kaupalögum nr. 39/1922. Kostnað vegna viðgerðar hljóti því Sabroe-umboðið að verða að greiða stefnanda, sem hafi unnið viðgerðirnar fyrir það.

Stefnda reisir sýknukröfu sína á því, að röngum aðila sé stefnt í máli þessu. Málsóknin ætti að beinast að seljanda tækisins, Sabroe-umboðinu.

Stefnandi kveðst hafa unnið umrætt verk að beiðni stefnda, sem hafi fengið stefnanda til þess að setja frystinn í gang. Það hafi stefnandi gert og enn fremur bætt kælimiðli á frystinn, tengt vatnsloka og reynslukeyrt. Séu hinir umstefndu reikningar vegna þessa verks. Fjarri lagi sé, að þessi vinna hafi verið vegna bilunar í tækinu eða geti af öðrum orsökum fallið

undir ábyrgðarskilmála, og að stefnandi hafi af þeim sökum snúið sér að röngum aðila til þess að fá reikninginn greiddan. Tækið hafi ekki fryst eðlilega, vegna þess að það hafði aldrei verið sett almennilega í gang, en ekki vegna þess að það hafi verið bilað. Hins vegar hafi komið í ljós, þegar tækið hafði verið sett í gang, að sjálfvirk keyrsla var biluð. Þessi bilun hafi í raun verið smávægileg að því leyti, að hún hafi ekki komið í veg fyrir, að frystiskápurinn væri notaður. Eina hlutverk þessarar sjálfvirkur frystingar sé það, að stilla megí á ákveðinn frystitíma, þannig, að frysting hætti sjálfvirk, t. d. eftir tvær klst. Þetta sé aukahlutur í þessum skáp og alls ekki í öllum frystiskápum. Þessi bilun hafi verið lagfærð og varahlutur settur í. Enginn hafi mótmælt því, að Sabroe ætti að greiða reikning vegna vinnu við þetta. Hann hafi líka verið færður á Sabroe og komi þessu máli í raun ekki við, enda sé um allt annan reikning að ræða en fjallað sé um í þessu máli. Stefnda hafi hins vegar verið boðið, að ef það greiddi þennan ábyrgðarreikning samt sem áður, myndi Sabroe fella niður vaxta-kröfu á stefnda, sem hafi reyndar verið hærri. Hugmyndin hjá Sabroe hafi sjálfsgagt verið sú, að einfalda ætti málin, en þessu megí ekki rugla saman.

Stefnda telur, að samkvæmt samningi sínum við Sabroe hafi kælimiðill átt að vera á tækinu við afhendingu, og beri seljanda að greiða kælimiðilinn og kostnað við að setja hann á tækið.

Framkvæmdastjórar málsaðila hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Þá hafa starfsmenn stefnanda, Elías Þorsteinsson vélfræðingur og Tryggvi Aðalbjörnsson vélstjóri, borið vitni hér fyrir dóminum.

Fram er komið, að stefnandi var ekki umboðsaðili seljanda tækisins á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Framkvæmdastjóri stefnda kveðst hafa fengið rafvélavirkja á Austurlandi til að tengja tækið og setja á það frystivökva, en tækið hafi ekki starfað eins og til var ætlast.

Vitnið Elías Þorsteinsson kveðst hafa skoðað frystitækið ásamt Jóni Ágústi Þorsteinssyni, starfsmanni seljanda, er þeir voru staddir á Eskifirði 8. sept. 1988. Við þá skoðun hafi komið í ljós, að kælimiðil vantaði á kerfið, auk þess sem sjálfvirkur vatnsventill var óuppsettur og frystitækið einungis tengt með slöngum. Kveðst vitnið hafa tjáð framkvæmdastjóra stefnda, að stefnandi hefði sérþjálfaða kælimenn til þess að gangsetja slík tæki, og hefði framkvæmdastjórinn beðið sig að senda einn slíkan, ef það mætti koma frystinum í lag.

Hinn 12. september fór starfsmaður stefnanda, Tryggvi Aðalbjörnsson, til stefnda og vann við að bæta úr framangreindu.

Skýrir vitnið Tryggvi Aðalbjörnsson svo frá, að auk framangreinds hafi komið í ljós, að bilun var í tímaliða, sem leiddi til þess, að frystirinn slökkti ekki sjálfvirk á sér. Kveðst vitnið hafa í tímaskýrslu sinni skipt vinnutíma sín-

um á þessi tvö verk, þ. e. annars vegar vinnu við að setja frystivökva á tækið og ganga frá tengingu þess og hins vegar vinnu vegna bilunar í tímaliðanum.

Þegar til þess er lítið, að stefnda hafi sjálft í upphafi látið setja kælivökva á tækið og tengja það við vatn og rafmagn á sinn kostnað og aðeins virtist vera um framhald á þeirri vinnu að ræða, er stefnandi var beðinn um verkið, þykir mega leggja til grundvallar framburð vitnisins Elíasar Þorsteinssonar um, að stefnda hafi beðið um verkið, og var stefnanda rétt að líta svo á, að verkið væri unnið fyrir stefnda.

Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til þess, hvort seljanda tækisins hafi borið að annast og kosta áfyllingu þess og tengingu skv. samningi sínum við stefnda, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á aðild stefnanda að samningnum. Ekki þykir skipta hér máli, að stefnandi átti á þessum tíma töluverð viðskipti við seljanda tækisins og gerði síðar samning við hann um þjónustu á hans vegum.

Verður samkvæmt framansögðu eigi fallist á, að mál þetta sé höfðað gegn röngum aðila, svo sem stefnda heldur fram og reisir sýknukröfu sína á.

Eins og að framan er rakið, kveðst stefnandi krefja seljanda tækisins um greiðslu kostnaðar vegna viðgerðar á bilun í tímaliða þeim, sem að framan greinir, og komi sá kostnaður máli þessu ekki við.

Svo sem áður er fram komið, reisir stefnandi kröfu sína á tveimur reikningum, nr. 15100, að fjárhæð 55.300 kr., og nr. 18529, að fjárhæð 12.540 kr. Fyrri reikningurinn ber með sér, að hann á við verk það, er mál þetta snýst um, en hinn síðartaldi er vegna aksturs, er skv. verkbeiðni og reikningi, sem fram er lagður í málinu, féll til vegna vinnu stefnanda við viðgerð á tímaliða þeim, er að framan greinir og er máli þessu óviðkomandi skv. framansögðu. Ber að lækka kröfu stefnanda um fjárhæð þess reiknings.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að taka ber kröfu stefnanda til greina með 55.300 kr. ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 kr. ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda, Þór hf., útgerðarfélag, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Odda hf., 55.300 kr. ásamt vöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. október 1988 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1989, og 50.000 kr. í málskostnað ásamt framangreindum vöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.